

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2019

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um betrun fanga, 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 24 – 24. mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um betrun fanga.

150. löggjafarþing 2019-2020.

Þingskjal 24 – 24. mál.

Inngangur

Rauði krossinn fagnar þingsályktunartillögunni og telur mikilvægt að hún nái fram að ganga. Fólk sem hefur lokið afplánun á jafnan erfitt með að fóta sig að nýju í samfélaginu og kemur oft að lokuðum dyrum. Margt bendir til þess að endurkomutíðni í fangelsum sé í raun hærri hér á landi en kemur fram í opinberum tölum, enda skeykir það tölfræðina þegar erlendir fangar sem sendir eru úr landi eru taldir með í slíkum útreikningum.

Rauði krossinn styður við fanga með ýmsum hætti meðan á afplánun stendur og eftir að henni lýkur. Fjölmargir fangar hafa starfað í Fatasófnun Rauða krossins í sjálfboðavinnu og við ýmis önnur verkefni félagsins. Félagið hefur góða reynslu af samstarfi við Fangelsismálastofnun um samfélagsþjónustu og telur að hún sé mikilvægt framlag til að viðhalda virkni og samfélagslegri þátttöku fólks meðan það er í afplánun.

Rauði krossinn í Kópavogi veitir fólki sem hefur nýlengið afplánun aðgang að félagsvinum sem eru þeim innan handar við að fóta sig að nýju þegar komið er út í samfélagið. Félagsvinur er sjálfboðaliði sem styður þátttakanda við ýmislegt er snýr að daglegu lífi og þær áskoranir sem taka við þegar afplánun lýkur. Sem dæmi getur félagsvinur farið með þátttakanda í viðtöl til félagsráðgjafa, umboðsmanns skuldara eða á aðrar stofnanir. Einnig aðstoðar félagsvinurinn einstaklinginn við að efla eða eignast heilbriggt tengslanet, m.a. með því að stunda tómstundir eða áhugamál.

Fjölmargir fangar og fyrrum fangar hafa nýtt sér úrræði skaðaminnkunarverkefnis Rauða krossins, Frú Ragnheiðar. Verkefnið veitir einstaklingum með erfiðan vímuefnavanda (vímuefni í æð) skaðaminnkandi þjónustu í formi heilbrigðisþjónustu, nálaskiptiþjónustu, næringu, sálræns stuðnings og ráðgjafar. Nær allir skjólstæðingar Frú Ragnheiðar eiga erfiða áfallasögu að baki og glíma við fjölpættan vanda ásamt vímuefnavandanum. Verkefnið byggir á miklu trausti og hafa skjólstæðingar veitt Rauða krossinum ómetanlega innsýn í stöðu og heim fólks sem glímur við erfiðan vímuefnavanda á Íslandi. Frú Ragnheiðar verkefnið á höfuðborgarsvæðinu hefur veitt yngsta aldurshópnum, ungmennum á aldrinum 18-20 ára sértækan stuðning og aðstoðað hann við að vinna að úrlausn þeirra mála með félagslega kerfinu og heilbrigðiskerfinu. Hluti af ungmennastuðningnum hefur verið að veita þeim eftirfylgd og stuðning meðan á afplánun stendur. Á hverjum tíma veitir verkefnið nokkrum fönngum, sem eru fyrrum skjólstæðingar og búa við bágt félagslegt tengslanet, stuðning í gegnum síma.

Almennar athugasemdir

Starfsfólk Rauða krossins telur mikilvægt að allir fangar komist í geðgreiningu meðan á afplánun stendur. Fjölmarginir fangar eru ýmist ógreindir eða vangreindir þegar þeir snúa til baka út í samfélagið. Til að öðlast greiningu þarf einstaklingur að hafa verið án áhrifa vímuefna í ákveðinn tíma. Greining getur ekki alltaf farið fram við upphaf afplánunar eins og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögum, heldur er mikilvægt að föngum verði fundinn réttur tími til greiningar meðan á afplánun stendur, enda eru þeir að jafnaði án áhrifa á einhverjum tíma afplánunar. Mikilvægt er að fangar fái síðan viðeigandi lyfjameðferð og annars konar meðferð í tengslum við greiningarnar meðan á afplánun stendur.

Taka þarf tillit til fjárhagsstöðu fanga við þá markmiðasetningu sem gert er ráð fyrir að sé unnin með þeim. Flestir fangar eru mikið skuldsettir og skuldir safnast upp meðan á afplánun stendur. Áætlun um niðurgreiðslu skulda og samningar við lánadrottna þurfa að eiga sér stað með aðstoð félagsráðgjafa í fangelsiskerfinu. Reynslan sýnir að margir fangar hafa mikinn vilja til að leysa sín mál en verkefnið verður þeim ofviða þegar komið er aftur út í samfélagið.

Einstaklingar sem hafa lokið afplánun hafa rétt á mörgum úrræðum á vegum hins opinbera. Mörg þeirra krefjast hins vegar að þeir hafi haft lögheimili í hverfi tiltekinnar þjónustumiðstöðvar í sex mánuði. Slíkt er vandkvæðum bundið hjá einstaklingum sem eru að fóta sig að nýju í samfélaginu að afplánun lokinni, enda þurfa þeir aðstoðina strax að lokinni afplánun.

Rauði krossinn telur mikilvæg að skaðaminnkandi inngríp séu í boði fyrir alla fanga sem glíma við vímuefnavanda og/eða eru í annars konar áhættu hegðun. Evrópska eftirlitsstofnunin um vímuefni og vímuefnafíkn (EMCDDA) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) leggja áherslu á mikilvægi þess að hafa gott aðgengi að skaðaminnkandi þjónustu eins og nálaskiptiþjónustu, viðhaldsmeðferðum og að skimun og lyfjameðferð við HIV og lifrabólgu C sé í boði fyrir alla fanga. Skaðaminnkandi inngríp lágmarka hættulega og skaðlega vímuefnanotkun og hafa þannig sterka skírskotun í forvarnir og lýðheilsu. Rauði krossinn telur mikilvægt að fangar sem nota vímuefni í æð og fangar sem nota stera í vöðva hafi aðgengi að hreinum og sterílum sprautubúnaði. Markmiðið með því er að draga úr sýkingum og mögulegri útbreiðslu HIV og lifrabólgu C meðal fanga. Einnig er mikilvægt að fangar sem glíma við óþjónaða-vanda hafi gott aðgengi að viðhaldsmeðferð með lyfjum og að skoðað verði sérstaklega hvernig hægt sé að á veita föngum með erfiðan vímuefnavanda í örvandi efni viðhaldsmeðferð með lyfjum. Markmiðið með viðhaldsmeðferðum er fyrst og fremst að aðstoða fólk við að halda lífi og lágmarka óafturkræfan skaða sem getur hlotist af notkun vímuefna. Að auki lýsir Rauði krossinn yfir vilja til þess að veita stuðning við innleiðingu á skaðaminnkandi inngrípum í opnum og lokuðum fangelsum.

Heimildir: (<https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/1078345819837909>), (http://www.emcdda.europa.eu/best-practice/briefings/prisons-and-the-criminal-justice-system_en), (http://www.emcdda.europa.eu/best-practice/briefings/responding-problems-related-stimulant-use_en),

Fangar í lokuðum fangelsum hafa ekki aðgang að internetinu og hafa því ekki mikla möguleika á atvinnu- og húsnæðisleit meðan á afplánun stendur. Rauði krossinn vill leggja til að komið verði á opnu fangelsi í þéttbýli þar sem föngum gefst tækifæri á að vinna launaða vinnu eða sinna sjálfböðastörfum. Slíkt myndi án efa auðvelda alla endurkomu í samfélagið.

Nauðsynlegt er að fólk með þroskahömlun sem afplánar refsidóma hafi aðgang að sérúrræðum og viðeigandi stuðningi.

Föngum sem hafa skráð sig í nám meðan á afplánun stendur þarf að vera gert kleift að ljúka námi, hafi þeir lokið afplánun áður en námi lýkur. Fólk sem hefur nýlokið afplánun er oft ekki lánshæft hjá LÍN og á fáa möguleika á að klára grunnnám sem ekki er lánshæft.

Mikilvægt er að allir fangar hafi aðgang að sálfræðipjónustu meðan á afplánun stendur og einnig um tíma eftir að afplánun lýkur. Taka skal mið af þörfum hvers og eins eftir slíkum stuðningi. Þannig mætti stuðla að samfellu í þjónustu og geðheilbrigði fólks sem lokið hefur afplánun. Jafnframt er mikilvægt að fangar fái aðgang að fjölskyldumeðferð á meðan afplánun stendur. Meðferðarvinna með fjölskyldu fanga er mikilvægur þáttur í að styrkja fjölskylduböndin og dregur að auki úr endurkomutíðni fanga.

Lokaorð

Rauði krossinn ítrekar ánægju með framkomna þingsályktunartillögu og telur að hún sé mikilvægt skref í að lágmarka þann skaða sem fangar valda bæði sjálfum sér og öðrum í samfélaginu. Ef tekið er heildrænt á vandanum út frá sálrænum og félagslegum þáttum og heilbrigði er hægt að aðstoða marga við að fóta sig að nýju í samfélaginu.

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til að hitta allsherjar- og menntamálanefnd til þess að reifa framangreindar athugasemdir og svara spurningum sé þess óskað.